

## **Skýrsla svæðisstjóra Eddusvæðis vegna umdæmisstjórnarfundar 22. janúar 2011 sem haldinn var í Kiwanishúsi Eldeyjar**

Ég byrjaði á því að skipta um stjórn í Jörfa, klúbbnum mínum, á hátíðarfundum með eiginkonum sem haldinn var á veitingastaðnum Hafinu bláa. Síðan skipti ég um stjórn í Kötlu sem hélt einnig hátíðarfund með konum og þar voru teknir inn tveir nýir félagar í fallegu umhverfi Hótel Hengils. Síðan voru stjórnarskipti í Þyrli á Akranesi á venjulegum fundi. Þá voru stjórnarskipti hjá Höfða á sama tíma og hjá Jörfa og sá Sigurður Jóhannsson um þau.

Svæðisráðsfundur var haldinn 13. nóvember í Kiwanishúsinu Engjateigi. Þar skiluðu forsetar allra klúbba nema Jökla skýrslu sinni og voru þær allar góðar sem sýna að það er mjög góður félagsandi í klúbbunum. En af Jöklamönnum er lítið að fréttu, þeir segjast hittast einu sinni í mánuði á Dússabar í Borgarnesi. Náði loksins tali af Hauk á Hvanneyri og hann lofaði að senda mér mánaðaskýrslur en ég hef ekki séð þær ennþá. Ég á eftir að heimsækja þá en Haukur lofaði að láta mig vita þegar þeir héldu fund. Hjá Höfða er mjög öflugt starf, alls 31 félagi, auk þess sem þeir sjá um unglingsklúbbinn. Í Jörfa eru 31 félagi og mjög öflug liðsheild, Jörfamenn eru alltaf eitthvað starfa saman enda mjög góð fjáröflun hjá þeim. Í Kötlu eru nú 34 félagar, einn félagi lést í desember, en mjög öflugt starf er í gangi þar. Forseti Þyrils er mjög öflugur, hann ætlar að fjölga félögum um sex á þessu ári og að það er líka vel mætt á fundi hjá þeim. Tveir félagar bættust við í desember, svo félagar í Þyrli eru nú 32.

Búið er að halda einn fund með stjórnunum í Eddu og Þórsvæði. Það er búið að taka ákvörðun um að Snjólfur Fanndal úr Eddusvæði verði fyrsti svæðisstjóri Freyjusvæðis, sem er vinnuheiti á nýju svæði, en kjörsvæðisstjóri verði Hörður Mar úr Þórsvæði. Snjólfur og Hörður vinna tillögur fyrir næsta fund, sem verður 15. febrúar, að því hvernig eigi að velja menn og hvernig svæðin eiga að starfa, ásamt tillögum um hvernig stjórnarskipti fari fram. Svo höldum við sameiginlegan svæðisráðsfund, Edda og Þórsvæði, í Geysishúsinu í Mosfellssveit 26. mars, en áætlað var að halda hann á Akranesi en við munum halda síðasta fund Eddusvæðis 10. september á Akranesi.

Unnt er að lesa allar skýrslur klúbbanna á heimasíðu Kiwanis, undir Eddusvæði. Ég sé ekki betur en að Eddusvæði sé eina svæðið sem birtir allar skýrslurnar á heimasíðunni – þetta er framtíðin, við verðum að fylgjast með þróuninni og megum ekki staðna.

Ég hef því miður ekki komist í að heimsækja neinn klúbb vegna veikinda, en eftir langvarandi slappleika á síðasta ári kom í ljós krabbameinsæxli sem hefur nú verið fjarlægð. Það tók allan desembermánuð á sjúkrahúsi en næstu sex mánuðina tekur við lyfjameðferð.

Með hækkandi sól mun ég hressast og heimsækja klúbbana, og ég hlakka virkilega til að sjá starfið hjá öðrum klúbbum en mínum.

Jón Jakob Jóhannesson.